



HRAUN Í FLJÓTUM

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS

BRYNDÍS ZOËGA OG YLFA LEIFSDÓTTIR

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2022/261



Byggðasafn
Skagfirðinga

Höfundar: Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir. 2022/261

Mynd á forsiðu: Hraun í Fljótum um 1960. Ljósmynd: Þorsteinn Jósefsson / birt með leyfi
Þjóðminjasafns Íslands.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2022. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	2
AÐFERÐARFRÆÐI	3
SÖGUÁGRIP	4
FORNLEIFASKRÁ	7
BÆJARSTÆÐI OG UMHVERFI	8
BÆJARSTÆÐI – HORFNAR MINJAR (STAÐSETTAR)	15
BÆJARSTÆÐI – HORFNAR MINJAR (ÓSTAÐSETTAR)	22
TÚNGARÐAR OG MINJAR Í TÚNJAÐRI	24
MINJAR Á HÚSHÓLUM	28
BÝLIN SAUÐÁ OG HRÚTHÚS	33
SAMANTEKT	40
HEIMILDASKRÁ	44

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna deiliskipulags í landi Hrauna í Fljótum að beiðni Þorsteins Guðmundssonar hjá Fljótabakka ehf. en Þorsteinn var jafnframt tengiliður við Fornleifadeildina vegna verkefnisins.

Deiliskipulagið er unnið af Kollgátu og segir í skipulagslýsingu að skipulagið miði „að því að skapa nýjar lóðir og byggingarreiti undir nýbyggingar auk þess sem núverandi hús á eigninni fá einnig skýrari stöðu, hvert með sinni lóð og byggingarreit skv. Skipulagsreglugerð.“ (Kollgáta, 2022, bls. 1). Innan deiliskipulagssvæðis eru tveir megin kjarnar sem í skipulagslýsingu eru kallaðir Kjarni A og Kjarni B. Kjarni A er umhverfis núverandi byggingar á svæðinu, þ.e. bæjarstæðið, en Kjarni B norðar og þar er gert ráð fyrir 5 nýjum lóðum og byggingarreitum fyrir nýbyggingar auk vegtengingar sem tengir kjarnasvæðin 2 (Kollgáta, 2022). Umrætt deiliskipulagssvæði nær umhverfis bæjarstæðið á Hraun og teygir sig um 1,3km til norðurs (mynd 1).

Skráning á vettvangi fór fram í tveimur hlutum en í ágúst 2022 skráði Brenda Prehal fornleifafræðingur, fornleifar á og umhverfis fyrirhugað vegstæði (Brenda Prehal, 2022) en í lok október 2022 skráði Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi aðra hluta deiliskipulagssvæðisins og eru niðurstöður þeirrar skráningar birtar í þessari skýrslu. Úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Bryndís Zoëga landfræðings.

Heimildamaður, Viðar Pétursson frá Hraunum fær þakkir fyrir veitta aðstoð. Þjóðminjasafn Íslands fær jafnframt þakkir fyrir lán á ljósmyndum.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2830

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær bæjarhóllinn á númerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Hraun 2830-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstakar minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær tilheyra sett framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirhugaðra framkvæmda innan deiliskipulagssvæðis í landi Hrauna í Fljótum.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitskort er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. skv. samningi við sveitarfélagið Skagafjörð.

Söguágrip

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að Hraun hafi tvímælalaust verið ein af bestu hlunnindajörðum á Íslandi (IX. bindi, 422). Guðmundur Davíðsson bóndi og fræðimaður á Hraunum telur kosti jarðarinnar í ítarlegri örnefnaskrá frá 1910 og segir þá vera: mikið landrými, bæði stórt og gott tún, mikið og grasgefið engi og úthagi var bæði mikill og góður. Æðarvarp, reki, fjörubeit, silungsveiði og útræði voru einnig talin meðal kosta. Ókosti taldi hann fólksfrekju, snjóþyngsli og „hretsama veðurátt“, seint vor og erfiða aðflutninga sökum bratta. Jörðin var að fornu metin á 60 hundruð og þar af var hjáleigan Hrúthús metin á 10 hundruð (J. Johnsen, bls. 276). Hraun eru talin með jörðum Hólastóls árið 1449 en hafa mögulega þegar verið í eigu stólsins 1374 en þá átti Hólastaður allan reka fyrir „Hrauns löndum“ (Íslenzkt fornbréfasafn III, 278; V, 38). Jörðin eru í eigu Hóla til 1802 en þá kaupir Einar Ásmundsson Hjaltested Hraun og Hrúthús fyrir 845 rd. Og Hrólfsvelli, Þúfnavelli og Almennunga á 115 rd. Einar lést í ágúst sama ár og gekk þá Bjarni Þorleifsson bóndi á Hraunum inn í kaupin (Gísli Magnússon, bls. 152-153).


Fornbýli, hjáleigur og húsmannsbýli

Hrólfsvellir og Þúfnavellir eru fornbýli í landi Hrauna og í heimildum er einnig getið um Brandshús og Fálkastaði en staðsetning þeirra er óþekkt (Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi, bls. 449-450). Strýta og Hrúthús voru hjáleigur í heimatúni en Strýta var komin í eyði um aldamótin 1700 (JÁM, bls. 340). Hrúthús (Skuthús, Skúthús) var sjálfstæð jörð en umkringd Hraunalandi á alla vegu (Byggðasaga Skagafjarðar IX, bls. 472). Hún var í túnjaðrinum, neðan við bæjarstæðið og er á jaðri deiliskipulagssvæðisins. Hrúthúsa er fyrst getið í jarðatali 1709 en þar segir að jörðin hafi að fornu verið kölluð Skuthús (JÁM, bls. 340). Jörðin fór í eyði 1915 og eftir það var hún sameinuð Hraunum (Byggðasaga Skagafjarðar IX, bls. 472). Getið er um búskap í Hraunabúð 1703 og árið 1709 virðast vera tvær íbúðarhæfar sjóbúðir í Hraunakrók. Gera má ráð fyrir því að bæði fyrr og síðar hafi sjómenn haft fasta búsetu af og til í Hraunakróki (JÁM, 340; Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi, 450-451). Einnig var fjöldi húsmannsbýla í Hraunalandi um aldamótin 1900 og lifðu ábúendur í þessum kotum af sjósókn, veiðiskap og sumir héldu nokkrar kindur. Flest þessara kóta voru við Miklavatn. Þau hétu Bót, Hóll, Lækur og Vatn (Vatnsendi, Vatnskot) (Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi, bls. 467-469). Þessi kot voru öll utan deiliskipulagssvæðis en innan þess er húsmannsbýlið Sauðá (Sauðdalsá), sem liggur upp með Sauðánni.

Verstöðin í Hraunakróki


Aðallendingin í Fljótum var í Hraunakróki og þar var um aldir meginverstöð í Fljótum (Byggðasaga Skagafjarðar IX, bls. 436). Í jarðabók 1709 segir „Heimræði er hjer um ár kríng og lendíng góð, og gánga skip ábúanda svo mörg sem hann fær á komið. Inntökuskip hafa hjer áður verið átta, stundum fleiri, stundum færri og tók ábúandi undirgift skipanna, sem var fiskavætt undir hvert skip. Þessi inntökuskip hafa smá fækkað eftir því sem formegunin hefur farið til rýrðar og fólk fækkaði, so nú eru ekki utan 2 inntökuskip með sömu undirgift og áður.“ (Jarðabók, bls. 340). Töluvert var af sjóbúðum og öðrum minjum í Hraunakróki en mikið landbrot hefur valdið því að meginþorri þeirra er farinn í sjó (Bryndís Zoëga, bls. 88). Nánar má lesa um útræði frá Hraunum í IX. bindi Byggðasögu Skagafjarðar og í skýrslu um strandminjar við austanverðan Skagafjörð frá 2015.

Á Hraunum var stundaður sauðfjárbúskapur til ársins 2018 en sama ár keypti Fljótabakki ehf. jörðina að undinskildu sumarhúsinu norðan við Hraunabæinn og rafstöðvarhúsi Miklalax (nú íbúð og dúnhreinsunarhús) niður við vatnið ásamt einum hektara lands (Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi, 425).



Mynd 1. Yfirlitmynd af deiliskipulagssvæðinu og staðsetningu minja innan þess. Á myndinni eru merktar minjar sem skráðar voru í ágúst 2022 en að öðru leyti er ekki fjallað um þær í þessari skýrslu.

Fornleifaskrá



Mynd 2. Túnakort Hrauna frá 1918. Á kortið eru merktar bygginar, vegir og sáð- og blómgarðar. Kortið er lagt yfir nýlega loftmynd frá Loftmyndum.

Bæjarstæði og umhverfi

Hraun-2830-1



Mynd 3. Bæjarhóllinn í októberlok 2022 [2830-1]. Búið var að grafa í norðurenda hólsins þegar skráning fór fram.

Sérheiti: Hraun

Hlutverk: Híbýli, fjós

Tegund: Heimild, bæjarhóll

Hættumat: **Mikil hættu.** Gert er ráð fyrir nýbyggingu [L146818] vestan við gamla bæjarhólinn. Þegar er búið að raska norðurhluta hólsins með efnistöku.

Staðhættir

Gamli bærinn stóð á bæjarhólnum, sunnan bæjarlækjar, um 70m suður af yngra íbúðarhúsinu að Hraunum (F2144018, byggt 1990 skv. Fasteignaskrá).

Lýsing

Bæjarhóllinn er rúmlega 30x40m að ummáli (mynd 3). Gamli bærinn er löngu horfinn en ógreinileg ummerki um byggingar sjást efst á hólnum. Árið 1960 var reist fjós vestan til á bæjarhólnum og við það fjóshlaða árið 1961 og síðar vélageymsla árið 1968 (Byggðasaga Skagafjarðar IX, 422). Óvíst er hvenær bærinn var rifinn en á túnakorti frá 1918 (mynd 2) er

merkt þar hús, mögulega það sem sést hægra megin við miðja mynd nr. 4. Óvíst er hvaða hlutverki þetta hús hefur gegnt.



Mynd 4. Á myndinni, sem er hluti úr stærri mynd, er gamla íbúðarhúsið [2830-2] til hægri á mynd en rétt vinstra megin við miðja mynd er húsið á gamla bæjarhólnum [2830-1]. Ljósmynd: Þorsteinn Jósepsson / Birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Aðrar upplýsingar

„Á árunum 1873-1874 lét Einar B. Guðmundsson byggja stórt timburhús á Hraunum. Hraunabærinn hafði þá svo lengi menn vissu staðið á hóli sunnan við Bæjarlækinn, þar sem enn eru byggingar, gamalt fjós og hlaða ásamt verkfærageymslu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi, 427).



Mynd 5. Gamla íbúðarhúsið á Hraunum (1873-4) [2830-2] í október 2022. Skróðgarður og matjurtagarður [2830-3, 4] voru vinstra megin og neðan við húsið. Ofan við það var torfbygging og kamar sem bæði eru horfin.

Hraun-2830-2

Sérheiti: Hraun

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hús

Hættumat: Fengist hefur leyfi Minjastofnunar Íslands fyrir flutningi á húsinu.

Staðhættir

Timburhús var reist á Hraunum á árunum 1873-1874 (mynd 4, 5), um 30m norðvestur af gamla bæjarhólnum og þar stendur húsið enn þegar skráning fór fram haustið 2022. Til stendur að færa húsið og er það gert í samráði við Minjastofnun Íslands.

Lýsing

Húsið er ein hæð, með risi, upphaflega byggt úr timbri en um miðja 20. öld var steipt utan um það. Húsið hefur tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð, m.a. var grafinn undir það kjallari, bætt við kvisti til vesturs og strompi. Upphaflega var í því verslunarrekstur og íbúð en laust fyrir miðja 20. öld var húsaskipan breytt og því skipt á milli tveggja fjölskyldna. Nánari

lýsing er hér að aftan en þar sem fyrir liggur húsaskráning hjá Minjastofnun Íslands verður ekki farið í frekari lýsingar hér.

Aðrar upplýsingar

Í IX. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 427-429) er ítarleg lýsing á húsinu eftir Hannes á Melbreið:

„Á árunum 1873-1874 lét Einar B. Guðmundsson byggja stórt timburhús á Hraunum. Hraunabærinn hafði þá svo lengi menn vissu staðið á hóli sunnan við Bæjarlækinn, þar sem enn eru byggingar, gamalt fjós og hlaða ásamt verkfærageymslu. Sagt var að húsið væri að mestu byggt úr sænskri furu og var Jón Mýrdal yfirsmiður, sá er síðar ritaði skáldsöguna Mannamun. Þá kom allur viður óunnin frá útlöndum og varð að hefla og plægja hverja fjöl, hvern bita. Alla glugga og allar hurðir þurfti líka að smíða í handavinnu. Tók smíðin því langan tíma. Húsið var byggt með lágrí timburgrind þar sem neðri hæðin var, en háu risi þar sem efri hæðin var og þar fyrir ofan hátt geymsluloft í rjáfrinu. Í norðurenda er kjallari undir búrinu. Ytri klæðning var lóðrétt slagþil þannig að eitt borð lokaði öðrum tveimur. Þakskegg voru mjög breið en engin þakrenna. Sköruð súð úr þykkum borðum lá á sperrum en þakið upphaflega með tjörupappa. Þrír súðargluggar voru á þakinu að austan en einn á vesturhlið. Nokkru eftir að Guðmundur Davíðsson og Ólög Einarsdóttir fóru að búa á Hraunum 1896, létu þau smíða kvist á húsið móti vestri og fengu þar gott herbergi með stórum glugga. Sparidyr voru á vesturhlið en austan megin aðalinngangur heimafélks og sveitunga. Á efri hæðinni, rishæðinni, var gangur og allmörg herbergi, sum til geymslu, önnur svefnherbergi. Þar undir austursúð voru m.a. tvö herbergi hvort inn af öðru. Var hið innra nefnt Búðin. Þar verslaði Einar B. Guðmundsson með smáhluti, eins og nálar og tvinna og kramvöru. Fremra herbergið var geymsla og hafði ekki annað nafn. Seinna notaði Guðmundur Davíðsson þessi herbergi fyrir bókhlöðu. Á miðjum ganginum er stigi upp á háalof. Það var einn geimur og notað sem geymsla fyrir margvíslegt dót. Kjallarinn er sem fyrr segir aðeins undir búrinu, hvorki stór né djúpur en steinhlaðinn með moldargólfi og rétt manngengur. Þar var geymdur súrmatur og annað sem ekki mátti frjósa. Árið 1947 hófu Hraunabændur að steypa utan um Hraunahúsið. Þá var húsaskipan einnig breytt nokkuð og því skipt á milli tveggja fjölskyldna, þeirra bræðra, Vilhjálms og Péturs.“



Mynd 6. Sunnan við íbúðarhúsið á Hraunum var skrúðgarður eða blómagarður [2830-3]. Útmörk garðanna sjást enn, en aðeins örfá birki- og reynitré vitna um skrúðgarðinn.

Hraun-2830-3

Hlutverk: Skrúðgarður, matjurtagarður?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætta. Til stendur að flytja íbúðarhúsið en aðrar framkvæmdir ekki fyrirhugaðar á svæðinu.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá að skrúðgarðar/blómagarðar voru við eldra íbúðarhúsið á Hraunum að sunnan og vestan (mynd 2).

Lýsing

Enn sjást útmörk garðanna (mynd 6, 7) sem voru að minnsta kosti að hluta hlaðnir úr grjóti og er sú hleðsla mest um 90-100cm. Garðurinn sunnan við íbúðarhúsið hefur verið um 10x18m að utanmáli en sunnan við húsið var hann um 12x15m. Grjóthlaðinn veggur, sunnan undir gamla íbúðarhúsinu sést vel á ljósmynd sem birt er í Byggðasögu Skagafjarðar IX. bindi á bls. 428. Timburgirðing er ofan á veggnum og hún afmarkar einnig garðinn vestan við íbúðarhúsið. Á sömu mynd sýnist garðurinn sunnan við íbúðarhúsið frekar vera matjurtagarður en skrúðgarður

og má vera að þar hafi upphaflega verið ræktaðar matjurtir en á túnakorti frá 1918 er þar kominn skruðgarður. Nú eru þar aðeins eftir fáein birki og reynitré en engin tré eru vestan við íbúðarhúsið.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá 1917 segir að matjurtagarðar séu 450 ferfaðmar og gefi af sér 26 tonn af kartöflum og auk þess séu blómgarðar í besta lagi (Byggðasaga Skagafjarðar IX. Bindi, bls. 426). Í dagbók Guðmundar Davíðssonar segir frá því að í janúar 1911 gerði slík hlýindi í janúarmánuði að blómin byrjuðu að springa út í garðinum getur hann um garðinn en þá voru mikil hlýindi í janúar mánuði og öll blóm að springa út í garðinum (Byggðasaga Skagafjarðar IX. Bindi, bls. 458).



Mynd 7. Gróðurinn sem stendur upp úr snjónum er á hleðslunni sem afmarkar gamla matjurtagarðinn [2830-4]. Garðurinn var frekar langur og náði alveg upp að gamla skrudgarðinum [2830-3]. Á myndinni sjást gamla íbúðarhúsið [2830-2] vinstra megin við miðja mynd, vinstra megin við það er yngra íbúðarhúsið og svo er fjósið og fjóshlaða hægra megin við miðja mynd.

Hraun-2830-4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hættu. Til stendur að flytja íbúðarhúsið en ekki eru aðrar framkvæmdir fyrirhugaðar á þessu svæði.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 eru tveir matjurtagarðar (mynd 2). Annar þeirra er frekar langur og er beint vestan við skrudgarðinn sem var sunnan íbúðarhússins (mynd 7).

Lýsing

Enn sjást útmörk garðsins sem hafa að hluta verið hlaðin úr torfi og að hluta úr grjóti. Að norðan er torfhlaðinn garður, 1m á breidd, 30cm hár og eru á honum girðingaleifar. Vesturendinn er hlaðinn úr grjóti og er hann 20-40cm hár. Að sunnan er gróinn bakki en ekki sýnilegar hleðslur. Rabarbari vex enn neðst í garðinum. Garðurinn hefur verið 12-15x35m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá 1917 segir að matjurtagarðar séu 450 ferfaðmar og gefi af sér 26 tonn af kartöflum og auk þess séu blómgarðar í besta lagi (Byggðasaga Skagafjarðar IX. Bindi, bls. 426).

Bæjarstæði – horfnar minjar (staðsettar)

Hraun-2830-5

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Framkvæmdir á bæjarstæðinu geta haft áhrif á hugsanlegar leifar kirkjugarðs og bænhúss en verið er unnið í samráði við Minjastofnun Íslands og eru framkvæmdaaðilar meðvitaðir um minjar neðanjarðar.

Staðhættir

Þegar grafið var fyrir kjallara gamla íbúðarhússins á Hraunum var komið niður á mannabein og er talið að þar hafi kirkjugarðurinn og bænhús staðið.

Lýsing

Bænhúsið mun hafa verið uppistandandi árið 1709 (Jarðabók IX, bls. 399) en engar heimildir eru um staðsetningu hússins og kirkjugarðs aðrar en þau mannabein sem komu upp þegar grafið var fyrir kjallara 1873-74 (sjá aðrar upplýsingar). Umfang kirkjugarðsins er ekki þekkt en garðar frá elstu tíð voru að jafnaði hringlaga og oft um 17-20m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Í IX. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 427) segir: „Gamli bærinn á Hraunum hafði frá ómunatíð verið sunnan bæjarlækjar á hólum þar sem Pétur Guðmundsson byggði síðar fjós og hlöðu. Þegar Einar B. Guðmundsson réðst í byggingu nýs íbúðarhúss á árunum 1873-1874 valdi hann nýtt bæjarstæði utan við lækinn og örlitlu neðar en gamli bærinn. Þegar verið var að grafa fyrir kjallaranum var komið niður á beinagrindur og þótti þá sýnt að þarna væri hinn forni kirkjugarður og hefði bænhúsið staðið á hólum út og niður frá bænum.“ Getið um bænhúsið í jarðabók frá 1709 (IX, 339): „Hér hefur að fornu bænhús verið en ekki tíðir veittar í manna minni. Stendur húsið enn.“

Hraun-2830-6

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Framkvæmdir á bæjarstæðinu geta haft áhrif á hugsanlegar jarðlægar leifar kirkjugarðs og bænhúss.

Staðhættir

Þegar grafið var fyrir kjallara gamla íbúðarhússins á Hraunum var komið niður á mannabein og er talið að þar hafi kirkjugarðurinn og bænhús staðið.

Lýsing

Bænhúsið mun hafa verið uppistandandi árið 1709 (Jarðabók IX, bls. 399) en engar heimildir eru um staðsetningu hússins aðrar en þau mannabein sem komu upp þegar grafið var fyrir kjallara 1873-74 (sjá aðrar upplýsingar).

Aðrar upplýsingar

Í IX. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 427) segir: „Gamli bærinn á Hraunum hafði frá ómunatíð verið sunnan bæjarlækjar á hólnum þar sem Pétur Guðmundsson byggði síðar fjós og hlöðu. Þegar Einar B. Guðmundsson réðst í byggingu nýs íbúðarhúss á árunum 1873-1874 valdi hann nýtt bæjarstæði utan við lækinn og örlitlu neðar en gamli bærinn. Þegar verið var að grafa fyrir kjallaranum var komið niður á beinagrindur og þótti þá sýnt að þarna væri hinn forni kirkjugarður og hefði bænhúsið staðið á hólnum út og niður frá bænum.“ Getið um bænhúsið í jarðabók frá 1709 (IX, 339): „Hér hefur að fornu bænhús verið en ekki tíðir veittar í manna minni. Stendur húsið enn.“

Hraun-2830-7

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Garðurinn er horfinn og litlar líkur að minjar leynist neðanjarðar.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 eru tveir matjurtagarðar og er annar þeirra um 10m norðan við gamla íbúðarhúsið á Hraunum (mynd 2).

Lýsing

Ekkert sér eftir af garðinum og mundi heimildamaður ekki eftir honum og hann því líklega horfinn fyrir miðja 20. öld (munnleg heimild: Viðar Pétursson, 7.12.2022).

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá 1917 segir að matjurtagarðar séu 450 ferfaðmar og gefi af sér 26 tonn af kartöflum og auk þess séu blómgarðar í besta lagi (Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi, bls. 426).

Hraun-2830-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Á ljósmynd sem tekin er eftir 1905 sést torfhús austan við gamla íbúðarhúsið á Hraunum.

Lýsing

Húsið er horfið og þarna er nú bílastæði. Ekkert er vitað um þessa byggingu annað en að þetta er torfhús. Húsið er mögulega horfið fyrir 1918 þar sem það er ekki merkt túnakorti og er ekki á ljósmynd sem tekin er af Hraunum í kringum 1920 (sjá Byggðasögu Skagafjarðar IX. bindi. Bls. 458). Húsið var hnitsett af loftmynd en gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í myndatexta á bls. 428 í IX. Bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hraunahúsið eftir 1905. Það ár var vesturkvisturinn settur á húsið og járn á þakið. Heimilisfólkið hefur stillt sér upp prúðbúið sunnan við húsið. Óþekkt hús með bröttu torfþaki er undir austurveggnum en bak við sér á útikamarinn.“



Mynd 8. Á myndinni, sem er aðeins hluti úr stærri ljósmynd, sést gamla íbúðarhúsið á Hraunum [2830-2] og hægra megin við það er nokkuð veglegt torfhús [2830-9]. Myndin er tekin eftir 1905 en þá var kvisti bætt við húsið. Ljósmynd: Magnús Gíslason / birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Hraun-9

Hlutverk: Óþekkt, búpeningshús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Á mynd 8 má sjá nokkuð veglegt torfhús suðvestan við gamla íbúðarhúsið á Hraunum.

Lýsing

Húsið er horfið. Árið 1918 er kominn skrudgarður sunnan við íbúðarhúsið og matjurtagarður suðvestan við það. Hlutverk hússins er óþekkt og ekki hafa fundist um það aðrar heimildir en þessi mynd. Líklegast að þetta sé búpeningshús. Húsið var hnitsett út frá staðsetningu á mynd 8 og gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju. Í örnefnaskrá segir að frá íbúðarhúsinu og niður að bæjarlæk heitir Lambhúsdagsláttu og mögulegt er að þetta hafi verið lambhús.

Aðrar upplýsingar

Í örnefaskrá Hrauna (bls. 26) segir: „Lambhúsdagsláttu frá íbúðarhúsinu niður að bæjarlæk. Aður kargapýfð, nú slétt.“

Hraun-2830-10

Sérheiti: Dúnhús, Vélarhús

Hlutverk: Dúnhreinsunarhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Dúnhúsið (myndir 9 og 10) stóð á norðurbakka bæjarlækjarins, suðaustur af gamla íbúðarhúsinu. Það hrundi árið 1962 og ekkert sér eftir af því í dag. Húsið er merkt á túnakorti frá 1918 og var staðsett með því að leggja kortið yfir hnitsetta loftmynd. Eftirfarandi lýsingu er að finna í IX. Bindi Bygðasögu Skagafjarðar (bls. 458):

„Þann 17. júlí byrjuðu Hraunamenn að byggja vélahús, þ.e. hús fyrir dúnhreinsivélina sem knúin var með vatnsaflí. Og þann 19. Var Guðmundur að grafa fyrri kjallara og byrjaði á grunni að vestan. Næstu vikurnar miðar verkinu áfram svo að húsið er komið undir járnþak í lok júlí. [...] en 2. September fóru þeir feðgar við þriðja mann vatnsleiðis í Haganesvík til að sækja dúnvélina. Litlu fyrr höfðu þeir farið út að flaki Tejo til að losa væntanlega vélrás en gátu ekki losað hann. Aftur fóru þeir 31. ágúst og söguðu hann þá sundur og losuðu meira af dóti. 9. September var besta veður allan daginn. Þeir fóru þá fjórir á Lýsingi út í Tejo og sóttu vélarhjólsásinn, bundu hann á steinolíufat og reru á eftir alla leið. Fleira járnarusl komi þeir með. Voru 7 klst. í ferðinni. Dagana 16.-17. Var verið í vélarhúsi og 18. September var „ásinn settur í hjólið [sem Þórður Jóhannsson hafði verið að smíða um sumarið] og hjólið á sinn stað í lækinn“. Þann 21. September var vélin sett upp og reynd, gekk vel með vatnsaflinu.“

Aðrar upplýsingar

Í IX. Bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 458, myndatexta) segir: „Vélahúsið, sem síðar var kallað Dúnhús, var byggt árið 1911. Þar var dúnhreinsivélin sem knúin var vatnsaflí lækjarins. Húsið hrundi 1962.“

Hraun-2830-11

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Minjarnar eru horfnar.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá að heimreiðin lá frá gamla íbúðarhúsinu til suðausturs og upp brekkuna. Um 50m frá húsinu klofnar hún og fer önnur leiðin til norðausturs, norðan bæjarlækjar (mynd 2).

Lýsing

Heimreiðarnar sjást ekki lengur og eru að líkindum horfnar vegna túnasléttunar og síðari tíma framkvæmda. Yngri heimreið liggur, a.m.k. að hluta til á sama stað og hreimreiðin gerði áður. Hnit voru tekin af túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Hraun-2830-12

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Minjarnar eru horfnar.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá að heimreiðin lá frá gamla íbúðarhúsinu til suðausturs og upp brekkuna. Um 50m frá húsinu klofnar hún og fer önnur leiðin til norðausturs, norðan bæjarlækjar en hin til suðurs og suðausturs (mynd 2).

Lýsing

Heimreiðarnar sjást ekki lengur og eru að líkindum horfnar vegna túnasléttunar og síðari tíma framkvæmda. Yngri heimreið liggur, a.m.k. að hluta til á sama stað og hreimreiðin gerði áður. Hnit voru tekin af túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Hraun-2830-13

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Minjarnar eru horfnar.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá tvær götur sem lágu frá bæ (gamla íbúðarhúsinu) og niður í gegnum túnið. Syðri gatan lá fyrst niður túnið til suðvesturs en beygði svo til norðvesturs og niður á Miklavatnsbakka og þar áfram til norðurs (mynd 2).

Lýsing

Þarna er nú sléttað tún og sést gatan ekki lengur. Hún var staðsett eftir hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 10 m skekkju.

Hraun-2830-14

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Minjarnar eru horfnar.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá tvær götur sem lágu frá bæ (gamla íbúðarhúsinu) og niður í gegnum túnið. Nyrðri gatan lá í átt að Hrúthúsum og líklega komið neðan að bæjarstæði hjáleigunnar og sunnan við afbýlið Sauðá (mynd 2).

Lýsing

Þarna er nú tún og sér ekki hvar gatan hefur legið. Á kafla er þarna slóði niður að fjárhúsunum og gæti hann legið á svipuðum slóðum og gamla gatan.

Hraun-2830-15

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Mylla var við bæjarlækinn, líklega tæpa 40m ASA af gamla íbúðarhúsinu á Hraunum.

Lýsing

Myllan er horfin og sér hennar ekki stað en hún var staðsett eftir lýsingum úr rituðum heimildum, með hjálp heimildamanns, Viðars Péturssonar frá Hraunum (7.12.2022). Gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í IX. Bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 436) segir: „Í læknum upp frá bænum, uppi undir túngarði, var fyrrum vatnsmylla en um 1900 var hún færð niður að bænum og stóð rétt ofan við bununa í Bæjarlæknum, út undan Smiðjubrekkunni. Í dagbókum Guðmundar á Hraunum nefnir hann iðulega mylluna, var að vinna í henni og 17. júlí 1911 voru þeir Hraunapiltar að flytja skemmuna í heilu lagi á nýjan grunn og „Mylluna fluttum við heim að skúr aftur“.“

Bæjarstæði – horfnar minjar (óstaðsettar)

Hraun-2830-16

Hlutverk: Kamar

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Til stendur að færa gamla íbúðarhúsið norðaustur fyrir núverandi bæjarstæði og er möguleiki að kamarinn hafi verið á þeim slóðum en líklegra að hann hafi verið nær núverandi íbúðarhúsi, jafnvel þar sem heimreiðin er nú.

Staðhættir

Á ljósmynd sem tekin er eftir 1905 sést torfhús austan við gamla íbúðarhúsið á Hraunum og enn austar, líklega norðar og austar er annað torfhús.

Lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar IX. Bindi (bls. 428) er mynd af Hraunahúsinu sem tekin er eftir 1905 og sést þar hús sem sagt er vera kamarinn. Þetta hús er horfið og erfitt að átta sig á nákvæmri staðsetningu út frá ljósmynd en hann hefur hugsanlega verið þar sem heimreiðin er í dag eða jafnvel aðeins austar. Ekki var talið unnt að staðsetja húsið með viðuandni nákvæmni. Kamarinn er ekki á túnakorti frá 1918 og hefur þá annaðhvort verið kominn úr notkun eða ekki þótt ástæða til þess að merkja hann á kortið.

Aðrar upplýsingar

Í myndatexta á bls. 428 í IX. Bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hraunahúsið eftir 1905. Þar ár var vesturkvisturinn settur á húsið og járn á þakið. Heimilisfólkið hefur stillt sér upp prúðbúið sunnan við húsið. Óþekkt hús með bröttu torfþaki er undir austurveggnum en bak við sér á útikamarinn.“

Hraun-2830-17

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir að Lambhúsdagsláttu sé frá gamla íbúðarhúsinu og niður að bæjarlæk.

Lýsing

Nafnið Lambhúsdagsláttar vísar að líkindum í lambhús á þessum slóðum en ekki eru heimildir um hvar það stóð. Þarna eru engin ummerki um hús í dag og það er ekki merkt á túnakorti frá 1918. Hugsanlega er það hús sem skráð er nr. [2830-9].

Aðrar upplýsingar

Í örnefaskrá Hrauna (bls. 26) segir: „Lambhúsdagsláttar frá íbúðarhúsinu niður að bæjarlæk. Áður kargapýfð, nú slétt.“ Árið 1921 getur Einar Guðmundsson þess í dagbók sinni að Lambhúsið hafi nú verið innréttað til fulls og því ólíklegt að það sé það hús sem örnefið er dregið af en örnefnaskráin er að mestu rituð 1910. Að sögn heimildamanns var einnig Lambhús niður við Hraunakrók og er þá þá utan svæðis (munnleg heimild: Viðar Pétursson, 8.12.2022).

Hraun-2830-18

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Myllan var flutt og litlar líkur á að minjar finnist í jörðu.

Staðhættir

Samkvæmt heimildum var mylla við bæjarlækinn, upp undir túngarði.

Lýsing

Myllan er horfin og nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Heimildamaður kannaðist ekki við tóftir þarna og því var ekki hægt að staðsetja mylluna með viðunandi nákvæmni.

Aðrar upplýsingar

Í IX. Bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 436) segir: „Í læknum upp frá bænum, uppi undir túngarði, var fyrrum vatnsmylla en um 1900 var hún færð niður að bænum og stóð rétt ofan við bununa í Bæjarlæknum, út undan Smiðjubrekkunni. Í dagbókum Guðmundar á Hraunum nefnir hann iðulega mylluna, var að vinna í henni og 17. Júlí 1911 voru þeir Hraunapiltar að flytja skemmuna í heilu lagi á nýjan grunn og „Mylluna fluttum við heim að skúr aftur.““

Hraun-2830-19

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Á milli bæjarlækjar, gamla íbúðarhússins á Hraunum og Gömlubæjarbrekku stóð smiðja.


Lýsing

Smiðjan er horfin og ekkert sér eftir af henni. Smiðjan mun samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá hafa staðið norðan bæjarlækjar en heimildamaður vissi ekki hvar og upplýsingar ekki nægilegar til að staðsetja hana með viðunandi nákvæmni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrauna (bls. 26) segir: „Smiðjubrekka á milli bæjarlækjar, nýjahúss og Gamlabæjarbrekku. Nú slétt, þar var smiðja.“

Túngarðar og minjar í túnjaðri



Mynd 9. Á myndinni, sem er hluti af stærri mynd, sést mannvirki lengst til vinstri [2830-20], við túngarðinn. Hlutverk er óljóst og erfitt að átta sig af ljósmynd en mannvirkið virðist nokkuð stórt. Aldur er óviss en myndin er tekin einhvern tíma á bilinu 1945-1960. Ljósmynd: Þorsteinn Jósepsson / Birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Hraun-2830-20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Á mynd 9 sést mannvirki, í námunda við túngarðinn, norðan heimreiðar.

Lýsing

Hlutverk og aldur þessa mannvirkis er óþekkt. Miðað við önnur mannvirki á myndinni virðist það fremur stórt. Ekki var unnt að staðsetja það með viðunandi nákvæmni út frá ljósmyndinni einni saman.



Mynd 10. Hraun árið 1948. Á myndinni sést íbúðarhúsið á Hraunum [2830-2] og Dúnhúsið [2830-10] lengst til vinstri. Rétt neðan við miðja mynd er túngarðurinn en neðst sést nokkuð umfangsmikil tóft [2830-21]. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi bygging gegndi. Ljósmynd: Björn Björnsson / birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Hraun-2830-21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild


Hættumat: Engin hætt. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði og því ólíklegt að mögulegar jarðlægar minjar séu í hættu.

Staðhættir

Á gamalli ljósmynd Björns Björnssonar frá 1948 (mynd 10) sést tóft ofan við gamla íbúðarhúsið, ofan túngarðs.

Lýsing

Tóftin er horfin sem og túngarðurinn en staðsetning var metin út frá ljósmyndinni og hnitsettu túnakorti. Gera má ráð fyrir allt að 10-20m skekkju.



Mynd 11. Neðri túngarðurinn [2830-22]. Horft er til ASA.

Hraun-2830-22

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði.


Staðhættir

Um 100m norðan við yngra íbúðarhúsið á Hraunum eru tveir túngarðar og enda þeir báðir við Sauðá. Syðri garðurinn (mynd 11) er líklega eldri en nyrðri garðurinn.

Lýsing

Garðlagið liggur VNV-ASA og er rétt um 90m á lengd og nær að Sauðánni í vestri. Það er grasi og mosa gróið og mest um 50cm hátt en 60-160cm á

breidd. Þegar túnakort frá 1918 (mynd 2) er lagt yfir loftmynd sést að syðri garðurinn passar við túnakortið og þar hafa norðurmörk túnsins því verið 1918. Báðir garðarnir sjást á ljósmynd Þorsteins Jósefssonar sem tekin er einhvern tíma á milli 1940-1965. Þar er efri garðurinn hærri og girt eftir honum og því verður að telja líklegt að túnið hafi verið stækkað eftir 1918 (mynd 9). Eins sést túngarðurinn á ljósmynd Björns Björnssonar frá 1948 (mynd 10).



Mynd 12. Efri túngarðurinn [2830-23]. Horft er til SA.

Hraun-2830-23

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætt. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði.

Staðhættir


Um 100m norðan við yngra íbúðarhúsið á Hraunum eru tveir túngarðar og enda þeir báðir við Sauða (sjá yfirlitsmynd fremst í samantektarkafli). Nyrðri garðurinn (mynd 12) er líklega yngri en syðri garðurinn.

Lýsing

Garðlagið liggur norðvestur-suðaustur og er rétt tæplega 90m langt. Það er grasi og mosa vaxið, mest um 50cm hátt og


mesta breidd er um 160cm. Þegar túnakort frá 1918 (mynd 2) er lagt yfir loftmynd sést að syðri garðurinn passar við túnakortið og þar hafa norðurmörk túnsins verið 1918. Báðir garðarnir sjást á ljósmynd Þorsteins Jósepssonar sem tekin er einhvern tíma á milli 1940-1965 (mynd 9). Þar er efri garðurinn hærri og girt eftir honum og því verður að telja líklegt að efri garðurinn sé yngri og að útmörk túnsins hafi breyst eftir 1918.

Minjar á Húshólum



Mynd 13. Myndin er tekin einhvern tímann á milli 1945 og 1960. Í bakgrunni sjást gamli bæjarhóllinn og gamla íbúðarhúsið á Hraunum en nær er hólaraðin sem kallast Húshólar. Á þeim eru eftirfarandi tóftir: lengst til vinstri og næst túngarðinum eru líklega Efstuhús, þá næst Miðhús, um það bil í línu við íbúðarhúsið, er óþekkt tóft og neðst stendur Stórhús (áður Neðstahús). Myndin er klippt út úr stærri ljósmynd. Ljósmynd: Þorsteinn Jósefsson / birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Nyrst í gamla túninu á Hraunum var hólarað sem nefndist Húshólar og á þeim voru fjárhús (ærhús) (mynd 13 og 14). Guðmundur Davíðsson segir í örnefnaskrá Hrauna (handrit skrifað 1910 en síðar bætt við) (bls. 30) að húsin heiti Efstahús (26 ær), Miðhús (40 ær) og Neðstahús



Mynd 14. Myndin er tekin í ágúst 1977. Efst til hægri á mynd er gamla íbúðarhúsið á Hraunum en neðan við túnið og veginn eru tóftir Efstu-, Mið-, og Neðstahús (Stórhús). Túngarðarnir sjást til vinstri á mynd. Mynd: Úr loftmyndasafni Landmælinga Íslands, nr. F0589.

(síðar Stórhús). Hann getur þess jafnframt að ofan við Efstuhúsin hafi verið tóft sem nefndist Hrútakofi. Á loftmynd frá 1977 sjást fimm mannvirki á Húshólum (mynd 14). Á túnakorti frá 1918 (mynd 2) eru merkt þrenn hús og er ekki ólíklegt að það séu ærhúsin sem Guðmundur nefnir í örnefnaskrá. Allar þessar minjar eru nú horfnar undir veg sem var lagður um 1989. Þessi hús voru öll fallin úr notkun þegar Viðar Pétursson (f. 1957) man eftir sér en þá voru þó umfangsmestar tóftir Stórhúsa (áður Neðstuhúsa). Óvíst er hvar tóftir Hrútakofans voru. Efstahús var upp undir túngarði, þá Miðhús, næst óþekkt tóft sem var að minnsta kosti hringlaga að hluta (heyttóft?) og neðst Stórhús sem

áður hét Neðstahús. Á loftmynd (mynd 14) sést tóft neðan við Stórhúsin og hétu þau Neðstuhús. Hinumegin Sauðár var svo grjóthlaðin rétt.

Hraun-2830-24

Sérheiti: Hrútakofi

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru horfnar undir veg.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir að tóft hafi verið ofan við Efstahús og nefndist hún Hrútakofi.

Lýsing

Ekki er vitað nákvæmlega hvar Hrútakofinn stóð en hann hefur að líkindum horfið þegar vegur var lagður niður eftir Húshólum um 1989. Kofinn var orðinn að tóft þegar örnefnaskráin var rituð árið 1910.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrauna segir (bls. 30) segir: „Húshólar (sjá Langimelur). Á þeim standa ærhúsin 3 og heita Efstahús, Miðhús og Stórhús. Hrútakofi heitir og tóft ofan við Efstahús. Efstahúsið tekur 26 ær, Miðhúsið 40, en Nestaðhús (Stórahús) 60-65 ær.“

Hraun-2830-25

Sérheiti: Efstahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru horfnar undir veg.

Staðhættir

Fjárhús voru upp undir gamla túngarðinum þar sem nú er vegur. Húsin hafa verið um 70 m NNA af yngra íbúðarhúsinu á Hraunum.

Lýsing

Tóftir Efstuhúsa (mynd 13 og 14) hurfu við vegagerð um 1989. Þarna voru fjárhús með garða og tveimur króm. Húsin hafa snúið nokkurn veginn austur-vestur og hefur hlaða eða heytóft verið að austan. Í nokkur ár var húsið notað sem reykkofi en þegar vegurinn var lagður, var nýr

kofi reistur, nokkru sunnar og austar. Hann stendur enn, sunnan vegar. Húsin voru staðsett með því að leggja túnakort frá 1918 yfir loftmynd og því má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrauna segir (bls. 30) segir: „Húshólar (sjá Langimelur). Á þeim standa ærhúsin 3 og heita Efstahús, Miðhús og Stórhús. Hrútakofi heitir og tóft ofan við Efstahús. Efstahúsið tekur 26 ær, Miðhúsið 40, en Nestaðhús (Stórahús) 60-65 ær.“ Árið 1918 var heytóftin við Efstahús stækkuð og árið 1919 datt hluti hússins inn og var í framhaldið gert við það, það tók 6 dagsverk. 1921 var gert við þakið og sama ár fékk Einar Guðmundsson sér geitur sem hafðar voru í Efsthúsi (Byggðasaga Skagafjarðar IX. Bindi, bls. 459).

Hraun-2830-26

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru horfnar undir veg.

Staðhættir

Fjárhús voru um 70m NNV af yngra íbúðarhúsinu á Hraunum, þar sem nú er vegur.

Lýsing

Miðhús og tóku um 40 ær samkvæmt heimildum. Þau hurfu við vegagerð um 1989. Húsin hafa snúið nokkurn veginn austur-vestur og hefur hlaða eða heytóft verið að austan. Húsin voru staðsett með því að leggja túnakort frá 1918 yfir loftmynd og því má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrauna segir (bls. 30) segir: „Húshólar (sjá Langimelur). Á þeim standa ærhúsin 3 og heita Efstahús, Miðhús og Stórhús. Hrútakofi heitir og tóft ofan við Efstahús. Efstahúsið tekur 26 ær, Miðhúsið 40, en Nestaðhús (Stórahús) 60-65 ær.“ Árið 1918 var gerð ný heytóft við Miðhúsin (Byggðasaga Skagafjarðar IX. Bindi, bls. 459).

Hraun-2830-27

Hlutverk: Óþekkt, búpeningshús, heytóft?

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjar eru horfnar undir veg.

Staðhættir

Nokkurn veginn mitt á milli Miðhúsa og Stórhúsa var hóll og á honum tóft.

Lýsing

Minjarnar sjást á myndum nr. 13 og 14. Viðar Pétursson (munnleg heimild 7.12.2022) sagði tóftirnar hafa verið hringlaga og það sést ágætlega á loftmynd frá 1977 (mynd 14). Hann vissi ekki hvert hlutverk hefði verið en mögulega hefur verið þarna stök heytóft eða hús með heytóft en þær voru gjarnan hringlaga. Húsin voru staðsett af loftmynd og gera má ráð fyrir allt að 10-15m skekkju

Hraun-2830-28

Sérheiti: Stórhús (Neðstahús)

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjar eru horfnar undir veg.

Staðhættir

Um 130m norðvestur frá yngra íbúðarhúsinu á Hraunum voru fjánhús sem nefndust Neðstahús eða Stórhús. Húsin stóðu þar sem vegurinn beygir inn á heimreiðina að Hraunum.

Lýsing

Í heimildum er sagt að húsin hafi tekið 60-65 ær og var það stærst ærhúsanna á Húshólum. Viðar Pétursson sem fæddur er á Hraunum 1957 sagðist muna eftir nokkuð umfangsmiklum fjárhústóftum og hlöðu eða heytóft, en húsin voru þó ekki í notkun þegar hann man eftir sér. Á mynd 13, sem tekin er á árunum milli 1945 og 1960 sést glitta í Neðstuhús. Húsin eru horfin undir veg en voru staðsett með því að leggja túnakort frá 1918 yfir nýlega loftmynd. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrauna segir (bls. 30) segir: „Húshólar (sjá Langimelur). Á þeim standa ærhúsin 3 og heita Efstahús, Miðhús og Stórhús. Hrútakofi heitir og tóft ofan við Efstahús. Efstahúsið tekur 26 ær, Miðhúsið 40, en Nestaðhús (Stórhús) 60-65 ær.“

Hraun-2830-29

Sérheiti: Neðstahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjar eru horfnar undir veg.

Staðhættir

Fjárhús voru neðan við Stórhúsin (áður Neðstahús), kölluð Neðstahús. Húsin stóðu skammt suður af Sauðánni um 160m norðvestur af yngra íbúðarhúsinu á Hraunum.

Lýsing

Ekkert er vitað um húsin annað en að þeirra er getið neðanmáls í örnefnaskrá og segir að þarna hafi verið ærhús sem kölluð voru Neðstuhús.

Aðrar upplýsingar

Neðanmáls í örnefnaskrá Hrauna segir (bls. 61) segir: „Fyrir vestan – neðan Neðstahús – var áður fyrri enn eitt ærhús, er hét Neðstahús, en þá hét Neðstahúsið Stórhús.“

Hraun-2830-30

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjar eru horfnar.

Staðhættir

Á milli Sauðár og sumarhúss sem reist var árið 1987 var áður nokkuð stór grjóthlaðin rétt.

Lýsing

Réttin er nú horfin og var grjótið úr henni notað við vegagerð að sögn Viðars Péturssonar (munnleg heimild: 7.12.2022). Réttin sést á loftmyndum af Hraunum fram til 1988 en hún er horfin 1994 (mynd 14). Réttin var hnitsett eftir gömlum loftmyndum og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni notaði faðir hans, ásamt fleirum réttina, en erfitt var að reka í hana þar sem aðhald var lítið (munnleg heimild: Viðar Pétursson, 7.12.2022).

Býlin Sauðá og Hrúthús



Mynd 15. Bæjartóftin á Sauðá í október 2022 [2830-31]. Horft er til suðvesturs.

Hraun-2830-31

Sérheiti: Sauðá

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á þessu svæði.

Staðhættir

Á milli núverandi og eldri farvegjar Sauðár og rétt rúmlega 300m norðvestur af yngra íbúðarhúsinu á Hraunum eru tóftir bæjarins Sauðár.

Lýsing

Bæjartóftin (mynd 15) snýr nokkurn veginn norðaustur-suðvestur og er 8x10m að utanmáli. Hún er tvískipt og innangengt á milli húsa. Dyr eru á vestara húsinu og snúa mót suðvestri. Veggir eru mest um 80cm háir og mest 2m á breidd. Þeir eru grasi grónir og þökkalega stæðilegir en nokkuð erfitt að greina lögun tóftar.



Mynd 16. Minjar húsmannsbýlisins Sauðár [2830-31-34].

Aðrar upplýsingar

„Sauðá var húsmannsbýli utan við bæinn Hrúthús á grónum hæðarhrygg rétt norðan við farveg Sauðárinnar, eins og hún rann fyrrum. Bæjartóftin er greinileg og hefur baðstofan verið austast, um 5m á lengd að innanmáli. Kofatóft er frammi á hólbrún neðan við bæjarstæðið og annað hús hefur verið fáeinum metrum austan við baðstofuna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IX, 470). Býlið var í byggð frá 1898-1918 (Sama, 471). Um Sauðá segir í örnefnaskrá (bls. 38): „Sauðá er þurrabúðarkot rétt utan við Sauðdalsána, beint út undan Hrúthúsum. Þetta kot byggði Ásgrímur Sigurðsson, nú bóndi í Dæl í Haganeshreppi fyrstur. Bjó hann þar nokkur ár, og þá er hann fluttist í burtu lagðist kotið í eyði um tíma, en byggðist svo. Nú býr þar Árni Magnússon með konu sinni, og Magnús bróðir hans Árnason með móður sinni.“



Mynd 17. Efsta tóftin [2830-32] á bæjarstæði húsmannsbýlisins Sauðár. Horft er til austurs.

Hraun-2830-32

Sérheiti: Sauðá

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu.

Framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á þessu svæði.

Staðhættir

Á milli núverandi og eldri farvegjar Sauðár og rétt rúmlega 300m norðvestur af yngri íbúðarhúsinu á Hraunum eru

tóftir bæjarins Sauðár. Austan við bæjartóftina er önnur tóft, töluvert minni (mynd 17).

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og hafa dyr snúið mót suðri. Erfitt er að greina útlínur tóftar nákvæmlega en veggir eru mest um 50cm háir og tæpur metri á breidd. Þeir eru algrónir grasi og blómgróðri. Utanmál tóftar er 4x6m. Hlutverk er óvíst en mögulega verið nýtt sem skemma eða hús fyrir fáeinar skepnur.

Aðrar upplýsingar

„Sauðá var húsmannsbýli utan við bæinn Hrúthús á grónum hæðarhrygg rétt norðan við farveg Sauðárinnar, eins og hún rann fyrrum. Bæjartóftin er greinileg og hefur baðstofan verið austast, um 5m á lengd að innanmáli. Kofatóft er frammi á hólbrún neðan við bæjarstæðið og annað hús hefur verið fáeinum metrum austan við baðstofuna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IX, 470).



Mynd 18. Kofatóft á bæjarstæði Sauðár [2830-33]. Horft er til VSV.

Hraun-2830-33

Sérheiti: Sauðá

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætt.

Framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á þessu svæði.

Staðhættir

Á milli núverandi og eldri farvegjar Sauðár og rétt rúmlega 300m norðvestur af yngri íbúðarhúsinu á Hraunum eru tóftir


bæjarins Sauðár. Við suðvesturhorn bæjartóftarinnar, frammi á hólbrún er kofatóft (mynd 18).

Lýsing

Tóftin snýr eins og bæjartóftin, norðaustur-suðvestur og hafa dyr snúið til suðvesturs. Hún er um 4x5m að utanmáli. Veggirnir eru algrónir grasi, mest um 50cm háir og metri á breidd, þeir eru almennt vel greinilegir nema til norðurs. Hlutverk er óvíst en mögulega verið nýtt sem skemma eða hús fyrir fáeinar skepnur.

Aðrar upplýsingar

„Sauðá var húsmannsbýli utan við bæinn Hrúthús á grónum hæðarhrygg rétt norðan við farveg Sauðárinnar, eins og hún rann fyrrum. Bæjartóftin er greinileg og hefur baðstofan verið austast, um 5m á lengd að innanmáli. Kofatóft er frammi á hólbrún neðan við bæjarstæðið og annað hús hefur verið fáeinum metrum austan við baðstofuna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IX, 470).



Mynd 19. Hóll [2830-34] við bæjarstæði húsmannsbýlisins Sauðár. Horft er til vesturs.

Hraun-2830-34

Sérheiti: Sauðá

Hlutverk: Óþekkt, öskuhaugur?

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hættu.

Framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á þessu svæði.

Staðhættir

Á milli núverandi og eldri farvegjar Sauðár og rétt rúmlega 300m norðvestur af yngra íbúðarhúsinu á Hraunum eru tóftir bæjarins Sauðár. Um 5m norðvestur af bæjartóftinni er lítill hóll (mynd 19).

Lýsing

Hóllinn er um 4m í þvermál og algróinn grasi. Hann stendur í halla og er hæstur að neðan um 2m en lægri að

ofanverðu. Hóllinn virðist manngerður og gæti t.d. hafa verið öskuhaugur frá býlinu.

Aðrar upplýsingar

„Sauðá var húsmannsbýli utan við bæinn Hríðhús á grónum hæðarhrygg rétt norðan við farveg Sauðárinnar, eins og hún rann fyrrum. Bæjartóftin er greinileg og hefur baðstofan verið austast, um 5m á lengd að innanmáli. Kofatóft er frammi á hólbrún neðan við bæjarstæðið og annað hús hefur verið fáeinum metrum austan við baðstofuna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IX, 470).

Hraun-2830-35

Sérheiti: Hrúthús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Minjar eru horfnar af yfirborði og óvíst hvort óraskaðar minjar kunni að leynast neðanjarðar en fjárhús voru byggð á bæjarstæði Hrúthúsa 1954.

Staðhættir

Hjáleigan Hrúthús var um 230m VNV af yngra íbúðarhúsinu á Hraunum.

Lýsing

Hrúthús stóðu yst og neðst í Hraunatúni, nákvæmlega þar sem Pétur Guðmundsson bóndi reisti fjárhús sína árið 1954. Fjárhúsin voru rifin árið 2010 (Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi, bls. 472). Hrúthúsum fylgdu búpeningshús og önnur útihús en þau hafa líklega flest verið utan deiliskipulagssvæðisins og því ekki skráð hér (mynd 2).

Aðrar upplýsingar

Í IX. Bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn stóð yst og neðst í Hraunatúni, nákvæmlega þar sem fjárhús Péturs bónda Guðmundssonar stóðu.“ (bls. 472). Hrúthús voru talin hjáleiga frá Hraunum og var jörðin umkringd Hraunalandi á alla vegu en hafði þó úrskipt land, bæði tún og útengi. Jörðin fór í eyði 1915 en eftir það bjó þar húsfólk í nokkur ár (sama heimild).



Mynd 20. Varða [2830-36]. Horft er til austurs.

Hraun-2830-36

Hlutverk: Kennimark?

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta. Framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á þessu svæði.

Staðhættir

Tæplega 690m NNV af yngra íbúðarhúsinu á Hraunum og rúma 50m vestan (neðan) Siglufjarðarvegar er varða (mynd 20).

Lýsing

Varðan er sjálf frekar lítil en heilleg. Hún er hlaðin ofan á stórt grjót og er með grjótinu um 160cm há. Grunnmál er um 80cm. Aldur er óviss og ekki víst að um eiginlegar fornleifar sé að ræða.

Samantekt



Mynd 21. Yfirlitsmynd yfir minjar í og við gamla túnið á Hraunum.

Svæðið sem hér var til skráningar er allt vestan Siglufjarðarvegur. Það liggur umhverfis bæjarstæðið á Hraunum og teygir sig frá því, um 1,3km til norðurs. Að þessu sinni voru skráðar 36 minjar, á vettvangi og upp úr heimildum. Þær eru allar nema ein varða [2830-36], í námunda við bæjarstæðið (mynd 21). Þær minjar sem skráðar voru tengjast allar búskap á Hraunum og hjáleigunni Hrúthúsum og húsmannsbýlinu Sauða. Minjarnar eru flestar frá 18-20. öld. Af 36 minjum voru 11 sem fundust við vettvangsskráningu, hægt var að staðsetja 19 minjar sem horfnar eru af yfirborði en sex minjar var ekki hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni.

Þær minjar sem skráðar voru á vettvangi voru bæjarhóllinn [2830-1], gamla íbúðarhúsið á Hraunum [2830-2], matjurta- og sáðgarðar [2830-3, 4] við gamla íbúðarhúsið, túngarðar [2830-22, 23] og minjar á húsmannsbýlinu Sauða [2830-31-34] og varða [2830-36]. Í töflu 1 er frekara yfirlit yfir þessar minjar.

Tafla 1. Minjar sem voru skráðar á vettvangi.

Minj-id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat
2830-1	Hraun	Heimild, bæjarhóll	Hóll	1000	1930	Greinanlegur	Mikil hætta
2830-2	Hraun	Híbýli	Hús	1874	Stendur enn	Heillegar	Húsið verður flutt
2830-3		Skrúðgarður	Garðlag	1874	1970	Greinanleg	Engin hætta
2830-4		Matjurtagarður	Hleðsla	1874	1960	Greinanleg	Engin hætta
2830-22		Túngarður	Garðlag	1700	1900	Vel greinanlegur	Engin hætta
2830-23		Túngarður	Garðlag	1700	1900	Vel greinanlegur	Engin hætta
2830-31	Sauðá	Híbýli	Tóft	1898	1918	Vel greinanleg	Engin hætta
2830-32	Sauðá	Óþekkt, útihús	Tóft	1898	1918	Vel greinanleg	Engin hætta
2830-33	Sauðá	Óþekkt, útihús	Tóft	1898	1918	Vel greinanleg	Engin hætta
2830-34	Sauðá	Óþekkt, öskuhaugur	Hóll	1898	1918	Vel greinanlegur	Engin hætta
2830-36		kennimark	Varða	800	1960	Heilleg	Engin hætta

Í töflu 2 er yfirlit yfir þær 19 minjar sem eru horfnar en hægt var að staðsetja.

Tafla 2. Minjar sem skráðar eru úr heimildum en sjást ekki á vettvangi.

Minj-id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat
2830-5		Kirkjugarður	Heimild	1000	1200	Sést ekki	Hætta
2830-6		Bænhús	Heimild	1000	1700	Sést ekki	Hætta
2830-7		Matjurtagarður	Heimild	1850	1930	Sést ekki	Engin hætta
2830-8		Óþekkt	Heimild	1800	1917	Sést ekki	Engin hætta
2830-9		Óþekkt, búpeningshús	Heimild	1800	1905	Sést ekki	Engin hætta
2830-10	Vélahús, Dúnhús	Dúnhreinsunarhús	Heimild	1911	1962	Sést ekki	Engin hætta
2830-11		Leið	Heimild	1000	1940	Sést ekki	Engin hætta
2830-12		Leið	Heimild	1000	1940	Sést ekki	Engin hætta
2830-13		Leið	Heimild	1000	1940	Sést ekki	Engin hætta
2830-14		Leið	Heimild	1000	1940	Sést ekki	Engin hætta
2830-15		Mylla	Heimild	1850	1900	Sést ekki	Engin hætta
2830-21		Óþekkt	Heimild	1700	1900	Sést ekki	Engin hætta

2830-25	Efstahús	Fjánhús	Heimild	1800	1950	Sést ekki	Engin hætta
2830-26	Miðhús	Fjánhús	Heimild	1800	1950	Sést ekki	Engin hætta
2830-27		Óþekkt, búpeningshús, heytóft	Heimild	1800	1915	Sést ekki	Engin hætta
2830-28	Stórhús	Fjánhús	Heimild	1800	1950	Sést ekki	Engin hætta
2830-29	Neðstuhús	Fjánhús	Heimild	1800	1950	Sést ekki	Engin hætta
2830-30		Rétt	Heimild	1800	1960	Sést ekki	Engin hætta
2830-35	Hrúthús	Híbýli	Heimild	1700	1915	Sést ekki	Engin hætta

Í töflu 3 er yfirlit yfir þær sex minjar sem ekki var hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni.

Tafla 3. Minjar sem skráðar voru upp úr heimildum en ekki hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni.

Minj-id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat
2830-16		Kamar	Heimild	1874	1920	Sést ekki	Engin hætta
2830-17	Lambhús	Lambhús	Heimild	1700	1915	Sést ekki	Engin hætta
2830-18		Mylla	Heimild			Sést ekki	Engin hætta
2830-19		Smiðja	Heimild	1500	1900	Sést ekki	Engin hætta
2830-20		Óþekkt	Heimild	1700	1900	Sést ekki	Engin hætta
2830-24	Hrútakofi	Fjánhús	Heimild	1700	1900	Sést ekki	Engin hætta

Hættumat

Fyrirhugaðar breytingar innan deiliskipulagssvæðisins fela í sér fimm nýjar byggingar nyrst á svæðinu (Byggingareitur B), nýjan veg að þessum byggingum (sjá Brenda Prehal, 2022), eina nýja byggingu syðst á svæðinu (Byggingareitur B), flutning á gamla íbúðarhúsinu og breytingar á öðrum húsum á Byggingareit A. Almennt má segja að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi lítil áhrif á minjar innan deiliskipulagssvæðis. Aðeins bæjarhóllinn [2830-1] er skráður í mikilli hættu en líklegt er að allar framkvæmdir við hann geti haft neikvæð áhrif á minjar. Jarðlægar minjar meints kirkjugarðs og bænhus [2830-5 og 6] eru skráðar í hættu þar sem hvers konar rask vegna flutnings á íbúðarhúsi og frágangi á lóð getur haft áhrif á minjarnar. Þó ber að geta þess að leyfi er fyrir flutningi á húsinu og framkvæmdaraðilar eru meðvitaðir um þær minjar sem þarna eru í jörðu. Aðrar minjar eru ekki taldar í hættu.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Brenda Prehal. 2022. *Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hrauna í Fljótum*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga: 2022/255.

Bryndís Zoëga. 2015. *Strandminjar við austanverðan Skagafjörð, 3. Áfangi*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga: 2015/153.

Deiliskipulag. *Hraun í Fljótum, Skagafirði. Skipulagslýsing*. Kollgáta: Akureyri, 2022.

Gísli Magnússon. 1970. Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802. *Skagfirðingabók: ársrit Sögufélags Skagfirðinga* 5.

Hjalti Pálsson, Kári Gunnarsson og Egill Bjarnason. 2019. *Byggðasaga Skagafjarðar. IX, Holtshreppur*. Sauðárkrúkur: Sögufélag Skagfirðinga:

Hraun. Margeir Jónsson skráði eftir handriti Guðmundar Davíðssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Íslenskt Fornbréfasafn. Þriðja bindi. 1269-1415. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenskt Fornbréfasafn. Fimmta bindi. 1330-1476. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

JÁM *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, Skagafjarðarsýsla*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

J. Johnson. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Loftmyndir af vef Landmælinga. Sótt af: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>. Þann 5.12.2022.

Mynd F068, tekin þann 13. Ágúst 1977.

Heimasíða

Fasteignaskrá Þjóðskrár. Sótt af: <https://skra.is/leit-i-fasteignaskra?heitinr=1055871&landnr=146545&streetname=Hraun+&sveitarfelag=Skagafj%c3%b6r%c3%b0ur>. Þann 14.11.2022.

Óútgefnar heimildir

Túnakort Hrauna. Sótt af: <http://testbirting.manntal.is/>. Þann 05.12.2022.

Heimildamaður

Viðar Pétursson frá Hraunum, 7.12.2022.

Fylgiskjal

Hnitaskrá, Hraun 2830

minj_id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Vegghæð	Veggbreidd	x	y
2830-1	Hraun	híbyli, fjós	heimild, bæjarhóll	1000	1930	greinanlegur	mikil hætta	0,0	0,0	496896	622254
2830-2	Hraun	híbyli	hús	1874	0	heillegar	húsið verður flutt	0,0	0,0	496851	622297
2830-3		skróðgarður, matjurtagarður?	garðlag	1874	1970	greinanleg	engin hætta	0,9	0,0	496841	622297
2830-4		matjurtagarður	hleðsla	1910	1960	greinanleg	engin hætta	0,5	0,0	496823	622275
2830-5		kirkjugarður	heimild	1000	1200	sést ekki	hætta	0,0	0,0	496849	622304
2830-6		bænhús	heimild	1000	1700	sést ekki	hætta	0,0	0,0	496847	622302
2830-7		matjurtagarður	heimild	1850	1930	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496842	622323
2830-8		óþekkt	heimild	1800	1917	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496857	622303
2830-9		óþekkt, búpeningshús	heimild	1800	1905	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496836	622281
2830-10	Vélahús, Dúnhús	Dúnhreinsunarhús	heimild	1911	1962	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496876	622286
2830-11		leið	heimild	1000	1940	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496918	622293
2830-12		leið	heimild	1000	1940	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496924	622236
2830-13		leið	heimild	1000	1950	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496773	622276
2830-14		leið	heimild	1000	1950	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496777	622306
2830-15		mylla	heimild	1850	1900	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496896	622283
2830-21		óþekkt	heimild	1700	1900	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496948	622337
2830-22		túngarður	garðlag	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0,5	1,6	496828	622468
2830-23		túngarður	garðlag	1700	1960	vel greinanleg	engin hætta	0,5	1,6	496871	622489
2830-25	Efstahús	fjárhús	heimild	1800	1950	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496884	622416
2830-26	Miðhús	fjárhús	heimild	1800	1950	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496838	622420
2830-27		óþekkt, búpeningshús, heytóft?	heimild	1800	1915	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496805	622422
2830-28	Stórhús, Neðstahús	fjárhús	heimild	1800	1950	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496763	622430
2830-29	Neðstahús	fjárhús	heimild	1800	1915	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496728	622444
2830-30		rétt	heimild	1800	1960	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496739	622480
2830-31	Sauðá	híbyli	tóft	1898	1918	vel greinanleg	engin hætta	0,8	2,0	496581	622462
2830-32	Sauðá	óþekkt, útihús	tóft	1898	1918	vel greinanleg	engin hætta	0,5	0,9	496587	622462
2830-33	Sauðá	óþekkt, útihús	tóft	1898	1918	vel greinanleg	engin hætta	0,5	1,0	496574	622451
2830-34	Sauðá	óþekkt, öskuhaugur?	hóll	1898	1918	vel greinanleg	engin hætta	2,0	0,0	496569	622463
2830-35	Hrúthús	híbyli	heimild	1700	1915	sést ekki	engin hætta	0,0	0,0	496629	622396
2830-36		kennimark?	varða	800	1960	heillegar	engin hætta	1,6	0,8	496612	622985